

# María Markan

Kvöldstund í umsjá

Trausta Jónssonar  
og  
Hreins Valdimarssonar



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
1. nóvember 2022 kl 20:00

## *Mariæ Wiegenlied*

Max Reger, Martin Boelitz  
Haraldur Sigurðsson píanó

## *Kveðja*

Pórarinn Guðmundsson, Bjarni Þorsteinsson  
Franz Mixa píanó

## *Sofðu, sofðu góði*

Sigvaldi Kaldalóns, Guðmundur Guðmundsson  
Hljómsveit Pórarins Guðmundssonar

## *Fugl í skógi*

Wilhelm Taubert, Freysteinn Gunnarsson  
Emil Thoroddsen píanó

## *Gott er sjúkum að sofa*

Markús Kristjánsson, Davíð Stefánsson  
Emil Thoroddsen píanó

## *Augun bláu*

Sigfús Einarsson, Steingrímur Thorsteinsson  
Haraldur Sigurðsson píanó

## *En drøm*

Edward Grieg, Friedrich von Bodenstedt  
Haraldur Sigurðsson píanó

## *Nur der Schönheit - bæn Toscu*

Giacomo Puccini, þýsk þýðing Kalbeck  
Hljómsveit danska útvarpsins, Erik Tuxen

## *Draumalandið*

Sigfús Einarsson, Guðmundur Magnússon  
Beryl Blanche píanó

## *Siste reis*

Eyvind Alnæs, Henrik Wergeland  
undirleikari óþekktur

## *Oh, could I but Express in Song*

Leonid Malashkin  
undirleikari Newman

## *Life has sent me many Roses*

Hermann Löhr, Edward Tschemacher  
undirleikari óþekktur

## *Birdsongs at Eventide*

Eric Coates, Royden Barrie  
Fritz Weissshappel píanó

## *Mánaskin*

Eyþór Stefánsson, Helgi Konráðsson  
Ólafur Vignir Albertsson píanó

## *Where'er you walk*

George Frideric Handel  
Ólafur Vignir Albertsson píanó

**María Markan** sópransöngkona var fædd í Ólafsvík 1905. Hún nam og starfaði í Þýskalandi á árunum 1927 til 1938, auk þess að halda fjölda tónleika hér á landi og á Norðurlöndum. Á árunum 1935 til 1938 söng hún óperuhlutverk í Hamborg og Berlín og var um hríð fastráðin við óperuna í Zittau. Sumarið 1939 var hún ráðin við Glyndebourne-óperuna á Englandi þar sem hún söng hlutverk greifafrúarinnar í Brúðkaupi Figarós við afar góðar undirtektir. Eftir þá frammistöðu og afar vel heppnaða útvarpstónleika í Kaupmannahöfn bauðst henni að fara til Ástralíu á vegum Ástralska útvarpsins (ABC) og söng þar í nokkrum borgum.

Vegna stríðsins komst hún ekki aftur til Danmerkur og Bretlands. Söng hún þá um hríð í Kanada, en réðst síðan til Metropolitanóperunnar 1941, fyrst Íslendinga. Hún hvarf þar frá 1944, sinnti þá mest heimili og söng stöku sinnum í útvarp, þar á meðal hér á landi. Hún og maður hennar, Georg Östlund, fluttu árið 1955 til Íslands og bjuggu í Keflavík. Hann lést 1961 og eftir það flutti María til Reykjavíkur og kenndi söng þar næstu áratugina.

Allmargar hljómplötur komu út með söng Maríu, en þó færri en við hefðum óskað. Hún lést í Reykjavík, háöldruð, vorið 1995. María var frumherji í sönglist hér á landi og fyrst íslenskra kvenna til að syngja á óperusviði. Þar með varð hún góð og mikil fyrirmynd og hvatning yngri söngvara, karla sem kvenna. Hún var einnig gædd „frábærum listgáfum, miklum glæsileika og einnig þeim skapsmunum, bjartsýni, glaðlyndi og þolgæði sem fleyttu henni yfir margs konar mótlæti og sættu hana beiskjulaust við rangsleitni örlaganna“ - svo vitnað sé beint í lokaorð minningargreinar Jóns Þórarinssonar tónskálds í Morgunblaðinu 31. maí 1995.